

John Locke. Nokkur atriði heimspeki hans

Breski sautjándu aldar spekingurinn, John Locke (1632 til 1704), skilgreindi „idea“ á eftirfarandi hátt í Ritgerð um skilningsgáfunu (Essay Concerning Human Understanding), kafla eitt, grein 8: „Orðið virðist best til þess fallið að tákna hvaðeina, sem í huganum býr, þegar maðurinn hugsar.“ (Mín þýðing.)

Breski sautjándu aldar heimspekingurinn, John Locke notar orðið með ofurlitlum blæbrigðamun. Í annarri bók sinni um skilningsgáfu mannsins (An Essay Concerning the Human Understanding), segir hann í kafla, grein 3, í frjálslegri þýðingu minni:

„Þegar ég kemst svo að orði, að skilningarvitin greiði þessum hugmyndum leið til hugans, ber ekki að skilja orð mín bókstaflega þannig, að hugtak hins skynjaða hlutar taki þar bólfestu. Fremur ber að skilja orð mín svo, að eitthvað berist frá hlutunum hið ytra og skapi þessi hugtök (perceptions). Þannig er ausið úr stærsta brunni hugtakanna. Þetta ferli kalla ég skynjun (sensation).“ Hér virðist eins og JL leiði getum að einhvers konar milliáfangi að myndun hugtaksins, þetta „eitthvað.“ Einnig notar hann „perception“ sem samheiti „idea.“ Í fjórðu grein notar höfundur „perception“ heldur öðruvísi:

„Hina uppsprettu hugmynda, er stuðla að þekkingu, er að finna í úrvinnslu (perception) hugans. Árangur þessarar úrvinnslu eru hugmyndir eða hugtök, sem gætu ekki átt uppruna sinn utan hugans. Slík hugtök gætu verið skynjun (perception), hugsun, efi, trú, rökfærslu, þekking, vilji eða hvaðeina það, sem við brjótum heilann um.“ Úrvinnslu hugans skýrir hann frekar síðar í sömu grein:

„Hver og einn býr yfir þessari innri uppsprettu hugtakanna. Þó ekki sé um skynjun (sense) að ræða, þar sem ytri hlutir koma ekki við sögu, væri ekki úr vegi að kalla þessa úrvinnslu „innri skynjun.“ En þar sem ég orðaði hina fyrri uppsprettuna sem skynjun (sensation), væri við hæfi að kalla þessa íhugun (reflection), sem þeir gætu einvörðungu fæðst fyrir tilstilli hugans sjálfs. Framvegis í verki þessu mun íhugun þá merkja, hvernig hugurinn vinnur og hvað sé viðfangsefni hans, þ.e. hvernig og hvað?

Hugtakið (primary qualities) er oft tengt breska sautjándu aldar heimspekingnum John Locke (1632-1704). „Secondary qualities“ voru hins vegar taldir búa í skilningarvitunum sjálfum.

„Ef vér spyrjum að því hverjar af hugmyndum [idea] þessum sýni oss hlutina eins og þeir eru, svarar Locke á líkan hátt og Descartes með því að grein á milli frumlegra [primary] og annarlegra [secondary] eiginleika. Til frumlegra eiginleika telur hann útþenslu hlutanna, stærð þeirra, löggun og viðnám, hvíld og hreyfingu, með því að eiginleikar þessir virðast koma fyrst í ljós fyrir samstarf skynfæra vorra við umheiminn og vera að nokkru leyti af hugrænum uppruna. Hin svonefndu öfl stafa þó eingöngu af samstarfi hlutanna sjálfra.“ (Ágúst H. Bjarnason. Saga mannsandans V. Hlaðbúð, 1954, s. 271.)

Svipuð túlkun hugmynda John Lockes eru þessar: „Við gerum okkur ljóst að hlutir hafa eiginleika af tveimur gerólikum gerðum. Þeir hafa fyrsta sigs [primary] eiginleika sem eru aflfræðilegur að gerð og einkenna hlutinn eins og hann er í sjálfum sér, án tillits til þess hvort einhver skynjar hann eða ekki. Þeir eru hlutlægi eiginleikar grunnþátta efnisins. Stærðfræðivísindin fjalla um hluti undir þessu sjónarhorni. Og svo eru annars sigs [secondary] eiginleikar sem eru að einhverju marki háðir athuganda og gætu ekki verið til eins og við skynjum þá ef engar skynjandi hugverur væru til. Hinir síðarnefndu eru, ef svo má segja, fremur eigindlegir [qualitative] en megindlegir [quantitative].“ (Bryan Magee. Miklir heimspekingar. Hib, 2002, s. 134.)

Á sautjándu öld „var til siðs að greina milli frumlegra eiginleika og annarlegra. Men sögðu oft, í anda vélhyggjunnar, að þeir eiginleikar sem tilheyrðu hlutunum sjálfum væru hinir svokölluðu frumlegu eiginleikar, það er rúmtak, lögun og harka. Án þessara eiginleika væri ekki hægt að hugsa sér hlutina. Skilningarvitin birta okkar þessa frumlegu eiginleika á eðlilega hátt sem skynmyndir. Að auki skynjum við til dæmis bragð, lykt, lit og hita. Þessar skynjanir eiga ekki upptök í samsvarandi eiginleikum hlutanna. Það sem svarar til þessara eiginleika í hlutunum sjálfum eru mælanlegir kraftar og ástand sem eru orsök áðurnefndra skynjana, annarlegu eiginleikanna. Þetta er kenningin um afstæði annarlegra eiginleika: Annarlegir eiginleikar eru háðir okkur, skynjendunum.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 319.)

Um sjálfið í kenning samtímamanns, BS, John Locke, skrifar Michael Ayers: “Locke neitar ekki eða efast um að minnið byggist á einhverjum undirliggjandi veruleika. Hann er að segja að við vitum ekki hver hann er. ...það sem gerir kenning hans svo áhugaverða og merkilega, jafnvel nú á dögum, er að hún innleiddi í nútíma evrópska hugsun hugmyndina um sjálfið sem myndað af samhangandi, þó ekki alveg samfelldu, vitundarstreymi. Þetta hneykslaði hina rétrúðu á þeim tíma en hefur æ síðan verið sterkur þáttur í því hvernig við hugsum um okkur sjálf.” (Bryan Magee. Miklir heimspekingar. Hib, 2002, s. 138-139.)

Frjálslyndi, frjálslyndislegur. Í heimspeki er frjálslyndisviðhorf oft og tíðum rakin til breska heimspekingsins, John Locke, sem einkum lagði áherslu á takmörkun ríkisvaldsins sökum hættu á misbeitingu þess. Ríkisvaldið skyldi sjá um öryggi borgaranna. Þess háttar röksemdafærsla er stundum nefnd „verndarrök.“

Svo farast sautjándu aldar heimspekingnum, John Locke orð: „Því hvar er sá maður sem hefur óyggjandi rök fyrir því að allar skoðanir hans séu sannar eða allt sem hann fordæmir sé ósatt, eða getur sagt að hann hafi kannað til hlítar allar skoðanir sínar eða annarra manna? Í þessari veröld hverfuleikans þar sem vér önum áfram þótt vér sjáum lítt fram á veginn neyðumst vér til að hafa skoðanir þar sem þekkingu skortir og skoðanir vorar eru æði oft byggðar á veigalitlum rökum. Vér ættum því fremur að kosta kapps um að upplýsa sjálfa okkur en að leggja hömlur á aðra.“ (Bryan Magee. Miklir heimspekingar, Hib 2002, s. 140.)

Anfinn Stigen: „Hvernig beitir Locke hugmynd sinni um sjálfgefinn rétt allra manna til „frelsis, jafnræðis og sjálfstæðis“ gagnvart konum? Hann staðhæfir, að vald karlsins innan fjölskyldunnar eigi sér ekki stoð í eðlisréttinum/náttúru réttinum. Það fyrirkomulag í hjónabandinu, að konan sé sett skör lægra en karlinn, má á hinn bóginn leysa upp, enda þótt Locke aðhyllist ekki slíkt.“ (Anfinn Stigen. Tenkningens historie II, Ad Notam Gyldendal, Oslo 1997, bls. 565 – lausleg þýðing er mín.)

Bryan Magee: „Ekki fylgja valdamönnum á umhugsunar, hvort sem um er að ræða menntað, stjórnfélagslegt eða trúarlegt vald. Og hvorki fylgja hefðum né félagslegum venjum í blindni. Hugsaðu sjálfstætt. Skoðaðu staðreyndir málsins og reyndu að mynda þér skoðun og hegða þér í samræmi við það hvernig hlutirnir eru í raun.“

„Voltaire í Frakklandi og Kant í Þýskalandi litu báðir svo á að Locke væri upphafsmaður þeirrar tegundar hugsunar sem þeir beittu sér fyrir.“ Bryan Magee. Saga heimspekinnar. Mál og menning, 2002, bls. 109.)

G. Skirbekk og N. Gilje: „Að dómi Lockes hætti lærdómsmönnum til að týna sér í háfleygu og þokukenndu málfari. Þótt orð þeirra virðist hafa að geyma djúpa visku eru þau aðeins misnotkun á tungumálinu. ...Þeir sem á hlýða finna til heimsku og vankunnáttu og því veita þau yfirburði á fólkskum forsendum.“ ...

„Locke leit svo á að hefðbundið málfar heimspekinnar, til dæmis um „verundir“, „áskapaðar hugmyndir“ og „hið óendanlega“ væri dæmigert fyrir það að óskýr heilabrot séu talin djúp speki.“ Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, bls. 315- 316.)

Úr : Ritgerð um mannlegan skilning (þýð: Björn Þorsteinsson): „(Frumlegir eiginleikar efnishluta) Eiginleikar í hlutum í þessum skilningi eru: í fyrsta lagi þeir sem eru algjörlega óaðskiljanlegir frá hlutunum, óháð því ástandi sem hann er í; þeir sem hann heldur ævinlega í þrátt fyrir allar þær breytingar og ummyndanir sem hann verður fyrir og þrátt fyrir allan þann kraft sem beitt er á hann; og þeir sem skynjunin finnur ætíð fyrir í sérhverri ögn efnisins sem er nógu stór til að verða skynjuð, og hugurinn sér að eru óaðskiljanlegir frá hverri ögn efnisins, einnig þeim sem eru svo smár að skynfærin geta ekki numið þær einar og sér.“ 340

„(Annarlegir eiginleikar efnishluta) Í öðru lagi eru þeir eiginleikar sem eru í raun ekki í hlutunum sjálfum heldur eru öfl sem valda ýmsum skynjunum í okkur fyrir atbeina hinna frumlegu eiginleika hlutanna, það er að segja fyrir atbeina fyrirferðar, lögunar, samsetningar og hreyfingar hinna óskynjanlegu hluta þeirra, svo sem litir, hljóð, bragð og svo framvegis. Þetta nefni ég annarlega eiginleika.“ 340

Ágúst H. Bjarnason. Saga mannsandans V. Hlaðbúð, 1954: : „Öll á kennslan að stefna svo nærri lífinu og veruleikanum sem unnt er,...Mælir hann yfirleitt með flestum þeim umbótum í uppeldi og kennslumálum, sem enn er verið að reyna að koma á. Ekki hlaut þó Locke heiðurinn af þessum „hugleiðingum“ sínum, heldur Rousseau, er tók þau upp í uppeldisrit sitt „Émile“ 70 árum síðar án þess að láta Lockes getið.“ 266

„Þegar maðurinn er kominn á legg og farinn að taka þátt í þjóðfélagslífinu, finnur hann brátt til þess, að hann er háður þrenns konar drottinvöldum, - almenningsálitinu, sem lofar hann og lastar fyrir siðferðilegt framferði hans, - lögunum, sem vernda hann gegn yfirgangi annarra, en hegna sjálfum honum fyrir það, sem hann kann að gera glæpsamlegt, og – trúnni eða kirkjunni, er heitir honum sælu eða fordæmingu fyrir allt framferði hans í lífinu.“ 267

„Locke heldur því fram, að allir menn séu líkir að eðlisfari og jafnbornir til farsældar. Þess vegna eiga frelsi og jöfnuður að vera hyrningarsteinarnir undir þjóðfélaglífinu.“ 267

„...Locke hélt fram fyrstur manna á síðari öldum, skiptingu ríkisvaldsins í löggjafarvald og framkvæmdarvald.“ 267

„Eins og Locke gerðist málsvari persónulegs frelsis og stjórnfrelsis, þannig var hann og einhver fyrsti málsvari trúfrelsis.“ 268

„...þótt Locke væri sjálfur kristinnar trúar og ritaði meira að segja rit til réttlætningar hinni kristilegu opinberun,....“ 269

„Þannig varð Locke fyrsti málsvari allra helztu frelsishugsjóna hinna nýrri tíma, þótt aðrir, sem tóku hugmyndirnar upp eftir honum, hafi hlotið lofið fyrir, Rousseau fyrir uppeldisfræðina, Montesquieu fyrir stjórnlagafræðina og ýmsir aðrir fyrir að halda trúfrelsinu fram.“ 269

„En nú hefur maðurinn, að hyggju Lockes, tvenns konar skyn til að bera, innra og ytra skyn. Frá hinu ytra skyni, skilningarvitunum, stafar öll eiginleg skynjun (sensation), frá hinu innra skyni íhugunin (reflection). Nú hafa allar hugmyndir vorar, hvor t sem þær eru einfaldar eða samsettar, upptök sín í öðru hvoru, skynjun eða íhugun, eða hvoru tveggja til samans.“

„Hugmyndum má meðal annars skipta í sértekna (abstract) hugmyndir, samsettar (complex) hugmyndir og afstæðar hugmyndir (relation).“ 271

Bryan Magee. Miklir heimspekingar. Hib, 2002: „...var hluti af boðskap Lockes ávallt: „Fylgið ekki í blindi siðvenju eða kennivaldi. Skoðið staðreyndirnar og hugsíð sjálfstætt.“ 123

„Enda þótt hann sé einn af áhrifamestu heimspekingum heimsins getur ekki hjá því farið að sá sem leggur stund á sögu heimspekinnar í tímataalsröð, og kemur því að Locke eftir að hafa kynnt sér fyrirrennara hans, taki eftir hve mikið af því sem hann sagði hafði þegar verið sagt af öðrum, til dæmis Descartes – sú skoðun að alheimurinn sé risastór vél, skipting heimsins í efni og anda og þar fram eftir götunum. „ 124

Michael Ayers: „Hann telur hugsunina fela í sér röð hugmynda sem eru til „í huganum“ eða „fyrir huganum“ og sem standa fyrir hluti utan við hugann. Rökhugsun er í því fólgin að hugurinn beiti aðferðum sínum á hugmyndirnar og öðlist þar með vitneskju eða skoðanir.“ 125

„Fyrir Descartes láta skilningarvitin tiltekin gögn í té og þau ýta undir tilteknar skoðanir sem eru í samræmi við gögnin, en þessar skoðanir teljast ekki vera þekking. Gögnin sem skilningarvitin láta í té verður rökvitið að túlka og skýra áður en við getum talið að þau hafi hjálpað okkur til að öðlast nokkra þekkingu á heiminum. Fyrir Descartes er það rökvitið eða rökvitsleg úrvinnsla á gegnum frá skynfærunum sem lætur okkur þekkingu í té.

En fyrir Locke eru skilningarvitin sjálf undirstöðu- eða grunnhæfileikar sem láta þekkingu í té af eigin rammleik, það sem hann kallar „skynþekkingu“. 125

„... í grundvallaratriðum er hugsun fyrir honum það að hafa myndir í huganum, ásamt ýmsu leiðum til að tengja þær, íhuga og nota. Þessi „myndhyggjukenning“ eins og við gætum kallað hana, var ekki óalgeng á sautjándu öld, ...“ 126

BM: „...grundvallaratriði í þekkingarfærð hans [Lockes] aða við fáum alla þekkingu okkar á umheiminum fyrir milligöngu hugmynda. Við höfum ekki beina aðgang (hvað svo sem það gæti merkt) að hlutum eins og þeir eru í sjálfum sér – þetta er orðsamban og atriði sem kemur fyrir hjá Locke áður en það birtist hjá Kant.“ 127

MA: „Hvað snertir innsta eðli hluta höfum við að dómi Lockes ekki á öðru að byggja en getgátum. Og ekki er nóg með að kenningar okkar séu getgátur einar heldur höfum við enga annan efnivið en hugtök sem sótt eru í reynslu til að smíða tilgátur okkar úr.“ 131

„...hallast að því að heimurinn sé myndaður úr efni og hugum, en hann er nógu samkvæmur sjálfum sér til að segja að þar sem við þekfum eðli hvorugs getum við ekki einu sinni verið viss um að svo sé.“ 135

Eftirmáli Þorsteins Gylfasonar við Samræður um trúarbrögðin eftir David Hume, Híb, Rvk. 2002: „John Locke... er einn áhrifamesti rithöfundur allra tíma, svo að helzt er við þá Pál postula og Karl Marx að jafna. Ef til vill hafa áhrif hans orðið mest vegna þess fremur en þrátt fyrir það að hann getur hvorki talizt sérlega skarpskyggn né djúpsær í samanburði við aðra snillinga hugmyndasögunnar: hann var hin hversdagslega skynsemi holdi klædd.....leggur hann grundvöll að allri raunhyggju, frjálshyggju og uppeldisfræði síðari tíma. Og hér eignar Hume honum, með nokkrum rétti, upptök þeirrar skoðunar að mannleg skynsemi sé einhlít undirstaða allrar trúar.

Hume var raunhyggjumaður í svipuðum skilningi og Locke.“ 209

Gunnar Dal. Saga heimspekinnar, Lafleur, Rvk 2006: „Sannri menntun verður ekki þröngvað upp á nokkurn mann. Hún verður aðeins eign frjálsra manna, sem drekka af lind þekkingarinnar, vegna þess að þeir eru þyrstir, - og leita þess, sem þeir þarfnast. Sönn menntun hlýtur þess vegna fyrst og fremst að vera sjálfsmenntun. Engir nema þeir, sem eru tregir til að afla sér hennar, græða neitt á skólunum. Skólinn eykur ekki heldur manngildi og bætir hvorki siðferði né breyttni.“ (s. 638)

„Stjórnin hafði sett Locke á svartan lista með 85 „þjóðhættulegum“ mönnum í útlegð í Hollandi.“ (s. 642)

„...við komum ekki með neinar hugmyndir inn í þennan heim....engar hugmyndir ,sem fæddar eru í vitund mannsins, óháðar skynjun og reynslu.....komið utan að gegnum skynfærin.“

„...hina innri skynjun eða íhugun.safnar saman myndum skynfæranna, leggur mat á þær, raðar þeim niður, greinir þær sundur og setur þær saman.....ekkert annað enskilningur.....hefur hvergi mælt gegn því, að skilningurinn sé til.“ (646)

„...í flóknustu hugmyndum okkar er þó aldrei neitt, sem ekki er byggt á einföldum hugmyndum, sem skynjunin og reynslan gáfu okkur.....

Sannar eru þær hugmyndir, sem eru óháðar skynjuninni og yrðu alltf sami ytri raunveruleikinn, hvernig sem á þær væri litið.“ (s. 648)

„...talar því eins og hálfnauðugur, um (s. 649) persónulegan Guð, sem hann segir, að sé hin fyrsta orsök veraldarinnar.“

Á sama hátt og Locke tileinkar sér kenningu Decartes um hina fyrstu orsök, nálgast hann kenningu Spinoza um undirstöðuna.“ (s. 650)

Skirbekk, Gunnar. Filosofi historie I. Universitetsforlaget, Oslo 1980: „Verket Two Treatises of Government (1690) er kalla liberalismens bibel.“ (s. 244)

Verk Locke, Tvær ritgerðir um ríkisstjórn (Two Treatises of Government), kalla menn biblíu frjálshyggjunnar (liberalism).

Svo segir Locke: „Gerum við okkur ekki far um að beita skýrum hugtökum, geta viðmælendur trauðla lagt skilning í tal okkar – og ekki síst er það tungumál hinna lærðu, sem hverfur í blámóðu óskýrleika og óeiginleika. Orðin kunna, að því er virðist, fela í sér visku mikla, en eru í sjálfu sér eingöngu misnotkun málsins að ræða ...“

„Skýrt tungumál leysir okkur úr viðjum vanabundinna hugmynda og gefur mannum vald yfir öfgum, sem eiga rætur í ógreinilegum og afbökuðum hugmyndum.“ (Bls. 247)

„Locke fer að dæmi Hobbs og leggur einstaklinginn til grundvallar, þegar hann beinir augum að ríkisvaldinu. Það á rætur í samfélagsáttmála, sem einstaklingarnar koma sér saman um. Þar með afsala þeir sér „náttúrufrelsinu“ ... og réttlæta ríkisvald ... Þannig er um að ræða frjálsa þegna, sem af yfirlögðu ráði lifa og hræst í réttarríki. Því er stjórnað að fulltrúum þeirra . Þegnarnir búa við réttaröryggi, sem sérstaklega á við um eignarréttinn. ... Því er ekki um að ræða stjórnleysi, þar sem þegnarnar njóta allsherjar frelsis. Menn standa í þessu efni í sömu skör. Að því hníga skynsamleg rök.“

„Það mætti svo að orði komast, að Locke (öndvert við Hobbes) geri greinarmun á samfélagi, sem af sjálfu sér stjórnast af ákveðnum reglum – og samrýmist því náttúrufrelsi – og ríkisvaldi, sem felur í sér stjórnarfyrikomulag, eins konar afurð stjórnarsáttmálans ... Sérhver

einstaklingur á þann rétt, sem enginn stjórnandi er þess umkominn að hrófa við. ... Að dómi Hobbes var það verkefni ríkisvaldsins að tryggja frið, líf og limi þegnanna. En Locke leggur sérstaka áherslu á það hlutverk ríkisvaldsins að tryggja einka eignarétt. (Bls. 253.)

„Í grófum dráttum má leiða að því rök, að Locke sé hugmyndafræðingur frjálshyggjunnar (liberalism) á því skeiði í þróun auðvaldssamfélagsins (capitalism), þegar borgarstéttin þarfnast ekki einvalds til að beita gegn aðlinum og stuðla að stofnun þjóðríkis.“ (Bls. 259) (Lauslegar þýðingar úr norsku eru mínar.)

Skard, E. og A.H. Winsnes (ritstj.). Vestens tenkere II. H.O. Christophersen. John Locke. S. 52 til 70.: „Það liggur þráður frá Locke til Kant. Honum er snautlegri athygli veitt. Báðir voru þeir heimspekingar raunhyggju (empirism) og skynsemi (critical). Báðir voru siðfræðingar og viðurkenndu hlutbundin siðalögmál. Tilbrigði í andríki skýrist af mismunandi þjóðerni ... í sögu heimspekinnar kynnu þeir að endurspegla á móta skyldleika í nútímanum og Aristoteles og Planton í fornöld.“ (Bls. 70) (Lauslegar þýðingar úr norsku eru mínar.)